



Fundargerð

Aðalfundur Frímanna var haldinn í húsnæði reglunnar föstudaginn 13. mars 2026, kl. 17:00. Af stjórnarmönnum voru mættir:

Baldvin Magnússon (**BM**), Þorkell Ágústsson (**ÞÁ**), Páll Arnar Erlingsson (**PAE**) Hrafnkell Tulinius (**HT**), Andrés Andrésson (**AA**), Ellert Magnússon (**EM**), Ásmundur R Richardsson (**ÁRR**).

Auk ofangreindra voru sex brr. mættir til fundarins

Dagskrá aðalfundar

a) Kosin fundarstjóri og ritari

Formaður bauð fundarmenn velkomna og lagði fram þá tillögu til að Þorkell Ágústsson yrði kjörin ritari fundarins og Baldvin Magnússon yrði kjörin fundarstjóri, sem var samþykkt.

b) Skýrsla stjórnar var lesin

Formaður las skýrslu stjórnar og sagði meðal annars frá því að nýting vinarvallatilboða síðastliðið sumar var betri en árið á undan. Þá hafi aukning orðið á nýtingu golfhermatilboða sem FGF hefur samið um við Golfhöllina. Þetta má einkum rekja til veðurfars síðasta sumars og ásókn í golfherma almennt að verða vinsælli.

Þjónusta FGF til félagsmanna hefur farið vaxandi undanfarin ár en félagsgjaldið kannski ekki vaxið í takt við það. Félagsgjaldið var kr. 5.000 árið 2012 og hefur verið kr. 6.000 frá árinu 2020. Stefna FGF er að auka þjónustu til félagsmanna enn frekar t.d. varðandi vinavelli og golfherma víðar en á höfuðborgarsvæðinu. Félagar eru nú um 800 talsins (voru 238 fyrir 10 árum). Nánari upplýsingar má finna í skýrslu stjórnar.

c) Ársreikningar lagðir fram

Ársreikningar lagðir fram og útskýrðir en ólíkt áður þá greiddi FGF fyrir Landsmótið og innheimt á móti. Áður hefur FGF greitt mismun. Þriðjungur af vinavöllum er vegna herma. Það var metnaðarfullt að fara á Keili og kostnaðurinn mikill. Fram kom á fundinum að GR var ekki eins kostnaðarsamaur og Keilir, einkum vegna hagstæðari samninga í undirbúningi fyrir mót. Rekstrartap var hjá FGF um kr. 700.000 á árinu en var hagnaður árið áður um 900.000. Ástæðan er einkum meiri kostnaður í landsmóti og aukin kostnaður vegna herma notkun. Eigið fé var um kr. 3.800.000 í lok árs. Félagið stendur því enn vel og hefur það verið markmið að eiga fyrir einu rekstrarári ef til

Óvæntra útgjalda kemur eða hvers kyns skakkafalla. Reikningarnir voru svo lagðir fyrir samþykkt og voru samþykktir einróma. Ýtarlegri upplýsingar má sjá í ársreikningi.

d) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt

Áætlað er að auka við kostnað vegna vefsvæðis, einkum vegna tengingar við félagatal. Gert er ráð fyrir að vinavallarkostnaður aukist ásamt herma notkun (jafnvel með breyttu sniði) og eru það stærstu gjaldaliðir, til viðbótar við kostnaði vegna móta. Áætlaður rekstrarkostnaður er um 10 milljónir.

Í umræðu um fjárhagsáætlun, og þá um kostnað vegna herma, koma fram fyrirspurn úr sal um það hvort um mögulega misnotkun væri að ræða varðandi niðurgreiðslur í hermana. Spyrjandi leit svo á að um misnotkun væri að ræða ef einn br. og félagi í FGF leigði fleiri en einn hermi, þ.e. meira en fyrir sjálfan sig. Aðspurður átti hann ekki við það ef viðkomandi félagi FGF tekur vin/vini sína með sér í einn hermi. Fleiri dæmi komu um slíkt úr fundarsal þar sem fundarmenn höfðu tekið vin/vini sína eða jafnvel fjölskyldumeðlim með sér í einn hermi og ekki eru félagsmenn FGF en nutu góðs af ódýrara gjaldi, þá var spurt, telst það misnotkun? Mismunandi skoðanir voru á þessu en fundarmenn virtust almennt sammála um að það væri ekki misnotkun, þótt ekki sé rétt að niðurgreiða fyrir þá sem ekki eru félagar í FGF. Þetta er eilítið snúið að mati stjórnar FGF og eru uppi hugmyndir um að breyta núverandi fyrirkomulagi. Hugmyndir voru t.d. um að takmarka við fjölda skipta eða eitthvað annað svo ekki sé verið að niðurgreiða fyrir þá sem ekki eru í FGF.

Í þessu samhengi ítrekaði einn stjórnarmanna að þarna er verið að ná fram tilgangi og markmiði FGF, þ.e. að *glæða og viðhalda áhuga frímúrara og fjölskyldna þeirra á golfþróttinni*. Í 2. gr. laganna kemur m.a. fram að:

FGF leitast við að afla félagsmönnum hagsæðra kjara með samningum við þriðja aðila um aðgengi félaga FGF að golfaðstöðu og öðrum þáttum sem tengjast golfþróttinni.

Mikil umræða var um félagsgjaldið sem hefur verið kr. 5.000 – kr. 6.000 í 10-15 ár. Miðað við aukningu á starfsemi og þjónustu, sem nær nú bæði yfir sumar og vetur, var lagt til hækkun félagsgjalda. Stjórnin lagði til hækkunar í kr. 9.000 en félagar sem sóttu fundinn lögðu til hækkunar í kr. 12.000. Sú tillaga var borin upp og samþykkt. Makagjald verði áfram það sama. Ýtarlegri upplýsingar má finna í fjárhagsáætlun.

e) Lagabreytingar teknar til umræðu og afgreiðslu

Engin lagabreyting var tekin fyrir.

f) Kosning formanns til eins árs

Núverandi formaður, Baldvin Ómar Magnússon, var kosin áfram til eins árs.

g) Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára

Núverandi stjórnarmenn, Andrés og Þorkell gáfu kost á sér áfram til tveggja ára og var það samþykkt.

h) Kosning þriggja varamanna í stjórn til eins árs

Ellert Magnason, Sveinn Eyland og Hrafnkell Tulinius voru kosnir sem varamenn.

i) Kosning eins stjórnarmanns til eins árs

Ásmundur R Richardsson var í varastjórn, bauð sig fram í stjórn og var það samþykkt.

j) Kosning skoðunarmanns ársreikninga

Sigurður Sigurbjörnsson var samþykktur sem skoðunarmaður ársreikninga.

k) Önnur mál

- Mótanefnd (Andrés / Páll) lögðu til breitt fyrirkomulag í mótum þannig að í það minnsta einn reyndur sé í hverju holti til þess að fá sem réttustu úrslit
- Bræðramót var aðeins rætt og verður það haldið þann 6. Júní á Hellu.
- Landsmót verður 18. júlí á Akranesi.
- Sérstakt hermamót verður til prufu 21. mars
- Utanlandsferðin á Alicante svæðinu í nóvember var kynnt og er hún á vegum Golfskálans. Í Ferðinni fer meistaramótið fram sem jafnframt er 25 ára afmælimót.

Þorkell Ágústsson tók saman.